

# Stefnumið í samstarfi við íslensk borgarasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð 2015 – 2019

---

Reykjavík júní 2015



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Efnisyfirlit

1. Samhengi .....	3
1.1. Inngangur.....	3
1.2. Forsendur.....	3
2. Markmið og markhópar .....	5
3. Sýn .....	6
4. Framkvæmd, áherslur og eftirlit .....	8
4.1. Tilgangur .....	8
4.2. Markmið .....	8
4.3. Áherslusvið.....	9
4.3.1. Áhersla á árangur.....	9
4.3.2. Barátta gegn fátækt .....	10
4.3.3. Lýðræði og mannréttindi .....	11
4.3.4. Fræðslu- og upplýsingastarf.....	12
4.4. Aðgerðir .....	13
4.5. Áhættuþættir.....	14
4.6. Ábyrgð, eftirlit og endurskoðun.....	14
5. Orðskýringar .....	16

# 1. Samhengi

## 1.1. Inngangur

Sú sýn sem hér er sett fram nær til alls opinbers stuðnings Íslands til borgarasamtaka á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar og hvílir á [þingsályktun nr. 21/141](#) um Alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2013-16 sem staðfest hefur verið af Alþingi. Í 6. gr. kaflans í þingsályktuninni um „Stefnumörkun, innra og ytra starf“ segir: „Fylgt verði sameiginlegum verklagsreglum og eitt umsóknarferli verði fyrir allt samstarf stjórnvalda og félagasamtaka“.

Opinber framlög Íslands beinast til borgarasamtaka eftir þremur meginleiðum: Verkefni á vettvangi í tvíhliða samstarfslöndum Íslands, í gegnum stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem víða vinna með borgarasamtökum á vettvangi og loks er þeim beint til íslenskra borgarasamtaka og samstarfsaðila þeirra í gegnum sérstakan styrktarsjóð á vegum utanríkisráðuneytisins sem auðkenndur er starfi borgarasamtaka. Hlutverk þessa skjals er að vera vegvísir fyrir samstarf stjórnvalda við íslensk borgarasamtök sem starfa að alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð og gera grein fyrir helstu forsendum, áherslum, markmiðum og viðmiðum samstarfsins. Auk þess fylgja skjalinu rökrammi og endurskoðaðar verklagsreglur.

## 1.2. Forsendur

Þungamiðjan í stefnu Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu snýr að útrýmingu fátæktar á grunni sjálfbærrar þróunar og uppbyggingar á mannauði. Mannréttindi, jafnrétti kynjanna, réttindi barna, friður og öryggi eru jafnframt sett á oddinn. Þessi grunnstef koma fram í *Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2013-2016*<sup>1</sup> sem samþykkt var á Alþingi í mars 2013. Gert er ráð fyrir að íslensk þróunarsamvinna endurspegli þau gildi sem íslenskt samfélag stendur fyrir, virðingu fyrir lýðræði og mannréttindum, fjölbreytni mannlífs, umburðarlyndi, réttlæti og samstöðu. Í ljósi þess er lögð áhersla á:

- Ábyrgð – að ráðvendni og gagnsæi verði höfð að leiðarljósi í þróunarstarfi og ábyrgð á framkvæmd og árangri starfsins deilt með samstarfsaðilum.
- Árangur – að allir þættir þróunarstarfsins,

### *Borgarasamtök*

Fjölbreytt flóra samtaka og bandalaga um margvísleg málefni, hugsjónir og hagsmuni sem þátttakendur standa fyrir af eigin hvötum, utan við hið formlega valdakerfi og án þess að vera ætlað að skapa eigendum sínum arð. Mörg borgarasamtök eru knúin áfram, a.m.k. að einhverju leyti, af sjálfböðaliðum. Gert er ráð fyrir að þau hafi formlegt stjórnskipulag og að ábyrgðarskipting sé skýr.

<sup>1</sup> Hér eftir nefnd þróunarsamvinnuáætlun.

stjórnun, verklag og aðferðafræði verkefna, stuðli að því að árangur þróunarsamvinnu verði sem mestur.

- Áreiðanleika – að landi og þjóð verði aflað virðingar á alþjóðavettvangi með því að vera faglegur og traustur samstarfsaðili í þróunarstarfi.

Stefnumið Íslands í samstarfi við borgarasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð hvíla á ofangreindum grunni.

Allir þjóðfélagshópar hafa hlutverki að gegna í baráttunni gegn fátækt og fyrir lýðræði og mannréttindum. Einkanlega skiptir miklu að hinn almenni borgari hafi tækifæri og bolmagn til að láta sjónarmið sín í ljós og vinna að hagsmunamálum sínum og samborgara sinna. Borgarasamtök gegna oft lykilhlutverki í baráttunni fyrir auknum réttindum og bættum aðbúnaði þeirra sem búa við fátækt og hvers kyns mismunun. Styrkur slíkra samtaka felst öðru fremur í nálægð þeirra við grasrótina, ekki síst í fátækum og óstöðugum ríkjum. Borgarasamtök eru í mörgum tilvikum málsvarar þjóðfélagshópa sem standa höllum fæti og stuðningur við þau er því stuðningur við lýðræði og þróun.

Eignarhald heimamanna á þróunaraðgerðum skiptir sköpum um varanlegan árangur. Enn fremur er það grunnþáttur í lýðræðisfyrirkomulagi að þeir sem hafi hagsmuna að gæta um málefni hafi að sama skapi tækifæri til þátttöku og áhrifa. Í Parísaryfirlýsingunni um árangursmiðaða þróunarsamvinnu<sup>2</sup> er eignarhald heimamanna, sameiginleg ábyrgð, innbyrðis samræming og aðlögun þróunaraðgerða að þeim kerfum sem fyrir eru á hverjum stað undirstrikuð. Sameiginleg ábyrgð felur í sér að ólíkir hópar þurfa að geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri og látið að sér kveða. Þátttaka fólks með mismunandi sjónarmið og hagsmuni stuðlar að valddreifingu, fjölbreytni og lausnamiðuðu samfélagi.

Með breyttum starfsháttum í kjölfar Parísaryfirlýsingarinnar hafa skapast ný tækifæri fyrir borgarasamtök til að taka þátt í þróunarstarfi með opinberum aðilum. Skýrt er kveðið á um að viðtökuríkið sjálft móti stefnuna og beri höfuðábyrgð á eigin þróun. Mörg gjafaríki hafa aukið samstarf við borgarasamtök og fer ákveðinn hluti opinberra þróunarframlaga<sup>3</sup> í að styðja starfsemi þeirra. Flest eru þessi samtök í beinni samvinnu við innlend borgarasamtök í viðtökuríkjunum eða eru hluti af stærri alþjóðlegum samtökum.

Margar ástæður eru fyrir því að nýta borgarasamtök sem farveg fyrir opinber framlög til viðtakenda þróunar- og mannúðaraðstoðar. Tilgangurinn með því er fyrst og fremst sá að nýta sérþekkingu samtakanna, vilja þeirra, getu og tengslanet til að stuðla að árangri við að ná þróunarmarkmiðum Íslands. Starfsemi borgarasamtaka er til þess fallin að efla grasrótina og

---

<sup>2</sup> Parísaryfirlýsingin (2005) og framhaldsyfirlýsingarnar frá Accra (2008) og Busan (2011) voru unnar að undirlagi Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD-DAC). Sjá: <http://www.oecd.org/dac/effectiveness/34428351.pdf> , <http://www.oecd.org/dac/effectiveness/49650173.pdf>

<sup>3</sup> Official Development Assistance (ODA) Sjá skilgreiningu í hugtakaskrá.

styrkja lýðræðið í viðtökuríkjum en jafnframt eru samtökin grasrótin heima fyrir og afla málefnum stuðnings og styrkja áhuga á því meðal almennings á Íslandi. Til að koma til álita sem styrkþegar þurfa þau þó ævinlega að geta sýnt fram á að aðkoma þeirra auki virði þróunarsamstarfsins, hvort heldur sem þau starfa í gegnum önnur borgarasamtök, fjölþjóðleg eða staðbundin, eða með aðilum beint á vettvangi.

## 2. Markmið og markhópar

Opinber stuðningur við borgarasamtök á Íslandi sem starfa að þróunar- og mannúðarmálum miðar að því að leggja lóð á vogarskálarnar í þágu sjálfstæðs, þróttmikils og fjölbreytilegs borgaralegs samfélags í lágtekjulöndum<sup>4</sup> sem berst gegn fátækt í hinum ólíku birtingarmyndum hennar. Jafnframt beinist stuðningurinn að því að styrkja borgarasamfélagið til að standa vörð um lýðræði og mannréttindi fátækra og þeirra sem búa við mismunun.

Meginmarkhópur stuðningsins er hið borgaralega samfélag lágtekjulanda, einkum fátækir og jaðarhópar. Með því að leggja áherslu á slíka hópa vilja íslensk stjórnvöld ná til þeirra sem búa við bág kjör, ógn af náttúru- eða mannavöldum, og mismunun á grundvelli kyns, aldurs, fötlunar, þjóðernis, uppruna, kynhneigðar og trúar eða eiga undir högg að sækja af öðrum ástæðum. Sérstaka áherslu ber að leggja á berskjalda hópa, þar á meðal börn, og að þróun sé fyrir alla. Þá skal ævinlega gætt að því að kynjajafnrétti og sjálfbærni umhverfis séu höfð að leiðarljósi.

Þessi yfirmarkmið, bætt lífskjör og öflugt lýðræði, eru samofin og hvort öðru háð og borgarasamfélagið á hverjum stað gegnir þýðingarmiklu hlutverki við að vinna þeim brautargengi. Aðstoð Íslands við borgarasamfélagið getur beinst að því að styðja það við tekjusköpun og að veita grunnþjónustu þar sem aðgengi að henni skortir en jafnframt að styðja fátæka til að gæta hagsmuna sinna og réttinda. Áhersla á valdeflingu og uppbyggingu færni eru lykilþættir til að vinna að þessum markmiðum.

Íslensk þróunarsamvinna grundvallast á lögum, stefnu stjórnvalda og alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist. Má þar sérstaklega nefna mannréttinasáttmála Sameinuðu þjóðanna<sup>5</sup> þar sem ábyrgð, þátttaka, gagnsæi og bann við mismunun eru grunnviðmið. Þessi viðmið eru hornsteinar í alþjóðlegu þróunarstarfi.

Opinber stuðningur Íslands við borgarasamfélagið byggir á þessum grundvallaráherslum og hluti af þeim er upplýsingagjöf til almennings á Íslandi. Vilji er til að vinna með þeim borgarasamtökum sem skuldbinda sig til að taka með ábyrgum hætti þátt í baráttu gegn fátækt<sup>6</sup> og mismunun, hafa góð tengsl sem byggjast á gagnkvæmu trausti og virðingu, setja

<sup>4</sup> <http://www.oecd.org/dac/stats/DAC%20List%20used%20for%202012%20and%202013%20flows.pdf>

<sup>5</sup> Mannréttinasáttmálar SP byggja á Mannréttindayfirlýsingu [SP frá 1948](#).

<sup>6</sup> [Þúsaldarmarkmið Sameinuðu Þjóðanna](#)

sér raunhæf markmið sem samrýmast stefnu Íslands og geta sýnt fram árangur. Jafnframt verða þau að taka mið af því sem aðrir gera og forðast tilviljunarkennd inngrip.

Helstu mælikvarðar á markmið þessara stefnumiða eru að umsóknir séu faglega unnar og endurspegli borgaralegt samfélag sem berst gegn fátækt og stendur vörð um lýðræði og mannréttindi; að úttektir á starfi borgarasamtakanna sýni árangur á vettvangi og jafnframt virðisauka af aðild íslensku samtakanna og þar með hæfni; og að umfjöllun á Íslandi um málaflökkinn aukist, sé upplýsandi og fyrir alla.

### 3. Sýn

Opinberir aðilar og borgarasamtök hafa oft sameiginleg markmið þótt hlutverk þeirra og staða séu mismunandi. Borgarasamtökin hafa staðarþekkingu, tengslanet og vitneskju um sjónarmið hinna almennu borgara. Þau beita sér fyrir margs konar breytingum, standa fyrir aðgerðum og eiga þátt í að skapa tengsl milli einstakra þjóðfélagsþegna og stjórnvalda. Þau eru iðulega málsvarar mannréttinda, baráttu gegn fátækt og umhverfisvá, og fyrir umbótum í stjórnsýslu og valdakerfi. Því hefur samstarf opinberra aðila og borgarasamtaka alla burði til að bera árangur í þágu samfélagslegra umbóta.

Í löndum sem einkennast af skorti, ójöfnuði og veikburða stofnunum getur sterkt borgaralegt samfélag stuðlað að meiri valddreifingu og ljáð þeim sjónarmiðum rödd sem ella myndi ekki heyrast. Borgarasamtök geta einnig haft frumkvæði að og þurft að standa fyrir ýmiss konar samfélagslegri þjónustu. Þegar neyð ber að höndum eru borgarasamtök oft þau sem bregðast fyrst við sökum nálægðar sinnar við nauðstadda og því er stuðningur í gegnum alþjóðanet til slíkra samtaka afar mikilvægur til bjargar mannlífum.

Borgarasamtök hafa átt mikinn þátt í að móta íslenskt samfélag og samtök sem stunda alþjóðlegt hjálparstarf

eiga sér sum hver langa sögu á Íslandi. Samstarf þeirra og opinberra aðila hefur smám saman verið að eflast og mótast frá því það var formgert með lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121, árið 2008. Fyrsta þróunarsamvinnuáætlunin var afgreidd frá Alþingi 2011 og var þar í fyrsta sinn gert ráð fyrir sérstökum fjárlagalið fyrir samstarfið.

#### **Þróunarsamvinna**

Þróunarsamvinna er fólgin í því að veita fólki í lágtekjulöndum fjárhagslega, félagslega og tæknilega aðstoð með það að meginmarkmiði að ýta undir efnahags- og félagslega uppbyggingu til lengri tíma.

#### **Mannúðaraðstoð**

Felst í framlögum til neyðaraðstoðar, vegna hamfara, uppbyggingarstarfs og alþjóðlegrar samvinnu vegna flóttamanna. Í mannúðaraðgerðum er stuðlað að vernd almennra borgara og þeirra sem ekki lengur taka þátt í hernaðaráttökum og brýnustu nauðsynjar útvegaðar til að auðvelda þessum hópum að taka unn venulega lífnaðarhætti

Stefnumiðum þessum er ætlað að koma til móts við borgarasamtök hvort sem þau vinna að þróunarverkefnum til lengri tíma eða bregðast við skyndilegri neyð. Ásetningurinn er að styrkja og auðvelda samstarfið við borgarasamtökin, gera það markvissara og opna það fyrir fleiri samtök. Samhliða því eru gerðar ríkar kröfur um faglega getu, ábyrgð og árangur. Með því móti er stefnt að því að hleypa auknum krafti í samstarfið með það að leiðarljósi að framlög Íslands nýtist viðtakendum sem best. Hlutverk stjórnvalda í þessum efnunum er að skapa hvetjandi og gagnsætt umhverfi sem styður borgarasamtökin til að vinna að markmiðum sínum.

Þær breytingar<sup>7</sup> sem hafa verið að eiga sér stað í alþjóðlegri þróunarsamvinnu kalla fram nýjar áskoranir en veita jafnframt ný tækifæri fyrir borgarasamfélagið að hasla sér völl. Þessar breytingar beinast einkum að því að tryggja að öll umgjörð og ferlar séu þátttökumiðaðir og að ábyrgðarskylda þeirra sem leggja fram fé og þeirra sem taka við því og ráðstafa því sé sameiginleg. Viðtækt og náð samstarf og samráð allra aðila, bæði á hverjum stað og á alþjóðvettvangi, er grundvallaratriði. Miklu skiptir að heimamenn séu sjálfir við stjórn og drifkraftar breytinga. Jafnframt er rík áhersla lögð á að öll meðferð fjár sé gegnsæ, að framlögin nái til þeirra sem ætlast er til og nýtist til að kalla fram breytingar þeim til hagsbóta. Gott og gagnsætt samstarf þar sem farið er að leikreglum sem allir hlutaðeigandi aðilar hafa aðgang að stuðlar að sjálfbærni og jafnræði og þar með árangri.

Sú framtíðarsýn sem þessi stefnumið hafa að geyma eru öflug og virk borgarasamtök sem leggja hönd á plóg við að vinna að því að Ísland nái árangri í að framfylgja stefnu sinni og áætlunum í málaflokknum. Í því felst að borgarasamtökin geti sýnt fram á að þau stuðli að breytingum í þágu fátækra og þeirra sem búa við mismunun og að þau styrki borgarasamfélagið á vettvangi. Stefnumiðum þessum er ætlað að hjálpa borgarasamtökunum að gera markvissar áætlanir sem styður við þessa sýn, með því að móta sér stefnu, velja samstarfsaðila af kostgæfni, byggja upp tengslanet og eiga náð samráð við samstarfsaðila sína, á vettvangi jafnt sem á alþjóðavettvangi. Valdefling og færniuppbygging eru lykilatriði við að vinna að þessari sýn.

Opinber framlög til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar eru fjármögnuð af skattfé. Íslenskur almenningur, sem jafnframt myndar borgarasamfélagið heima fyrir, á kröfu á að fá greinargóðar og skýrar upplýsingar um hvernig framlögum er varið, á hvaða grundvelli og með hvaða árangri. Hluti af framtíðarsýn þessarar stefnu er að almenningur sé vel upplýstur og veiti alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands stuðning og aðhald, setji fram hugmyndir og taki þannig þátt í að vísa veginn.

---

<sup>7</sup> Sbr. Parísaryfirlýsinguna og framhaldsyfirlýsingar (Accra og Busan). Sjá nánar neðanmálgrein nr. 2.

## 4. Framkvæmd, áherslur og eftirlit

### 4.1. Tilgangur

Tilgangur þess að móta stefnumið um samstarf stjórnvalda við borgarasamtök er að skapa umhverfi og aðstæður sem auðvelda samtökunum að beita sér á vettvangi alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar. Gengið er út frá því að borgarasamfélagið geti verið viðbót og jafnframt ákveðið mótvægi við bæði hið opinbera og einkageirann og hafi því mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðissamfélagi.

Eðli verkefna borgarasamtaka er ólíkt. Verkefni í þróunarsamvinnu krefjast oftast stuðnings til a.m.k. nokkurra ára eigi þau að bera árangur. Þegar um er að ræða mannúðaraðstoð er aftur á móti alla jafna þörf á skjótum viðbrögðum og skammur tími getur verið til undirbúnings verkefna. Því er þörf fyrir mismunandi samningsmöguleikum borgarasamtaka við utanríkisráðuneytið.

Stefnumiðunum er einnig ætlað að ýta undir gagnsæi og skilvirkni í meðferð opinberra framlaga. Allir geta fengið upplýsingarnar um markmið og inntak í stefnu stjórnvalda og standa að því leyti jafnfætis hvað varðar möguleika á þátttöku og að veita aðhald.

Rökrámi fylgir þessum kafla og er hann í viðauka 1.

### 4.2. Markmið

#### ***Meginmarkmið/stefnumarkmið:***

*Meginmarkmið stjórnvalda með stuðningi sínum við íslensk borgarasamtök er að efla hið borgaralega samfélag sem berst gegn fátækt og stendur vörð um lýðræði og mannréttindi.*

Til að vinna að þessu yfirmarkmiði beita stjórnvöld sér fyrir stuðningi við borgarsamfélagið eftir mismunandi leiðum. Úthlutanir styrkja til íslensku borgarasamtakanna fela í sér margháttað samstarf við þau, þar á meðal er kynningar- og fræðslustarf. Þá fer reglulega fram umræða í samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu sem er skipað fulltrúum borgarasamfélagsins og er ráðherra til ráðgjafar í málaflokknum. Í tvíhliða þróunarsamvinnu er stundum starfað beint og í öðrum tilvikum óbeint í gegnum alþjóðastofnanir með ýmiss konar borgarasamtökum á vettvangi. Sá stuðningur byggir á sömu sýn og fram kemur í þessum stefnumiðum og er gert ráð fyrir að hún endurspeglir í samstarfsáætlunum með einstökum samstarfslöndum. Í marghliða samstarfi er stuðningur bæði veittur beint til borgarasamtaka í viðtökuríkjum sem vinna að málstað sem Ísland er hlynnt og í gegnum alþjóðastofnanir sem gjarnan leggja áherslu á að styrkja borgarasamfélagið á hverjum stað. Samstarf alþjóðastofnana og borgarasamtaka er grundvallaratriði á neyðarsvæðum.



## **Sértækt markmið/starfsmarkmið:**

*Að styrkja hæfni og getu íslenskra borgarasamtaka í mannúðar- og þróunarstarfi á alþjóðavettvangi í takt við hlutfall framlaga ríkisins til málaflokksins eins og kveðið er á um í hverri þróunarsamvinnuáætlun til ársins 2019.*

Mælikvarðar þess markmiðs eru:

1. Hækkandi hlutfall umsókna um styrki sem metnar eru vel hæfar á grundvelli hlutlægs mats. Í lok hver árs er gerð grein fyrir hæfi umsókna í ársskýrslu styrktarsjóðsins.
2. Að úttektir sýni að verkefni sem hljóta styrki nái markmiðum sínum.
3. Að samtök sem hljóta styrki sýni aukna stofnanafærni.
4. Aukin upplýsingagjöf og fagleg umræða um málaflokkinn á Íslandi.

Til að vinna að þessu sértæka markmiði vilja stjórnvöld styðja við uppbyggingu færni hjá borgarasamtökum og styrkja fræðslu- og upplýsingastarf meðal almennings á Íslandi. Þau borgarasamtök sem vilja beita sér á sviði alþjóðlegs hjálparstarfs geta þurft að byggja upp sína eigin færni til að geta stutt samstarfsaðila sína. Samtökin verða að vera lýðræðisleg, og byggja starfsemi sína í kringum gagnsæja ákvarðatökufærla og skýra skiptingu ábyrgðar. Grasrót samtakanna sjálfra er mikilvæg og almenn þátttaka borgarasamfélagsins í heild sinni.

### **4.3. Áherslusvið**

#### **4.3.1. Áhersla á árangur**

Skilvirk og ábyrg notkun á skattfé Íslendinga er krafa sem gerð er til allra sem ráðstafa opinberum fjármunum til þróunarsamvinnu og mannúðarstarfs. Aðeins þau borgarasamtök sem einsetja sér og fylgja eftir skilvirkri notkun á fjármunum og hafa árangur í fyrirrúmi geta fengið stuðning. Lykill að árangri er traust þekking á þeim viðfangsefnum sem unnið er að og því samhengi sem starfað er í, haldgott skipulag og gott samstarf við aðila á vettvangi, byggt á jafningjagrunni.

Til að forðast tilviljunarkennd inngríp, endurtekningar og mótsagnir þurfa borgarasamtökin að geta lagt mat á hvernig þau verkefni sem þau styðja eða hyggjast styðja spila inn í stærra samhengi og gera sér grein fyrir hvað aðrir eru að gera sem haft gæti áhrif. Samstarf við alþjóðasamtök og/eða regnhlífarsamtök með staðarþekkingu getur nýst vel í þessu skyni. Jafnframt þurfa þau að gera ráð fyrir að vakta framlag sitt og geta metið þá stefnu sem unnið er eftir, faglegt innihald aðgerða og þær aðferðir sem notast er við.

Alþjóðlegt hjálparstarf er tímabundinn stuðningur og íslensku samtökin þurfa að hafa áætlanir um hvenær og hvernig þau segja skilið við verkefni eða verkefnastöðir, hverju hafi þá verið áorkað og hvað taki við. Það þýðir að heimamenn verða að leiða starfið og hafa á því eignarhald. Innlendu borgarasamtökin geta hins vegar þarfnast bakhjarla til að byggja upp

færni sína og tengslanet, þar með talið tengsl við stjórnvöld eða aðra ráðamenn, til að þoka málum áleiðis. Virðisauki af þátttöku íslensku samtakanna getur til að mynda verið fagleg þekking sem gagnast samstarfsaðilum, stuðningur við að byggja upp tengslanet, upplýsingar og stuðningur við réttindamál.

Þessi atriði sem hér hafa verið nefnd, þ.e.a.s. að stuðningasaðilar samræmi sig og aðlagi aðgerðir að því sem fyrir er, að heimamenn séu við stjórnvöl aðgerða og að ábyrgð sé sameiginleg, eru allt grundvallarviðmið í Parísaryfirlýsingunni um árangur í alþjóðlegu þróunarstarfi<sup>8</sup> - sem Ísland hefur skuldbundið sig til að vinna eftir.

#### 4.3.2. Barátta gegn fátækt

Vinna borgarasamtaka í anda markmiða Íslands um baráttu gegn fátækt og fyrir lýðræði og mannréttindum getur falið í sér ólíkar nálganir og mismunandi leiðir enda ekki ætlunin að steypa öll borgarasamtök í sama mót. Þau áherslusvið sem lagt er upp með í þessum stefnumiðum eru grunnþjónusta og tekjusköpun, færniuppbygging og málsvarnarstarf. Allt eru þetta innbyrðis tengd áherslusvið sem miða hvert um sig að því að takast á við breytilegar birtingarmyndir fátæktar og valdleysis.

Það er á ábyrgð stjórnvalda í hverju landi á að veita borgurum sínum nauðsynlega grunnþjónustu, eins og menntun, heilbrigðis- og félagsþjónustu og tryggja aðgang að vatni og öðrum lífsnauðsynjum. Þar sem stjórnvöld skortir getu til að sinna þessu hlutverki getur komið til kasta borgarasamtaka að taka þátt í og styðja við grunnþjónustu, ekki síst í óstöðugum ríkjum eða þar sem neyðarástand ríkir. Verkefni sem mæta brýnum þörfum fátæks fólks og styðja berskjaldaða hópa, konur, karla og börn, geta notið stuðnings innan ramma þessara stefnumiða.

Þjónusta við borgarana skal þó vera í samræmi við áætlanir stjórnvalda á staðnum, eftir því sem hægt er, eða annarra ábyrgðaraðila, svo framarlega sem þau stuðla ekki að mannréttindabrotum. Ekki er stutt við uppbyggingu fyrirkomulags á þjónustu sem er samhliða og getur grafið undan því fyrirkomulagi sem stjórnvöld eða aðrir ábyrgðaraðilar standa að. Þá verða verkefni að henta getu borgarasamtakanna og samstarfsaðila þeirra, vera raunhæf og miða að sjálfbærri útkomu.

Tekjuskapandi aðgerðir geta einnig notið stuðnings innan ramma þessara stefnumiða. Tekju- og atvinnusköpun eru afar mikilvægir þættir í því að styðja hópa við að brjótast út úr fátækt. Borgarsamfélagið getur komið að slíkri uppbyggingu, t.d. með stuðningi við frumkvöðlastarf, fræðslu og þjálfun sem stuðlað geta að atvinnutækifærum fyrir karla og konur. En ekki síður hafa þau mikilvægu hlutverki að gegna við að fylgjast með einkageiranum jafnt sem þeim opinbera og standa vörð um ýmis réttindamál.

---

<sup>8</sup> Sjá neðanmálgrein nr. 2.

Alþjóðlegt þróunarstarf þarf að vinna í sátt við umhverfið og það á að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, um leið og afkoma og önnur lífsskilyrði fátæks fólks eru bætt. Áhersla á umhverfi er þverlægt markmið í stefnu Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og því eru sett skilyrði um að umhverfissjónarmiða sé gætt í öllum þeim verkefnum borgarasamtaka sem hljóta styrki. Útgangspunkturinn er sjálfbær þróun sem með einföldum hætti má segja að fólgin sé í því að mæta þörfum kynslóða samtíðarinnar án þess þó að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum.

### 4.3.3. Lýðræði og mannréttindi

Annað megináherslusvið þessara stefnumiða er að styrkja lýðræði, mannréttindi og þátttöku borgaranna og stuðla þannig að samfélagi friðar og mannúðar, umburðarlyndis og margbreytileika. Gengið er út frá því að fólk njóti verndar og eigi rétt á að hafa upplýsingar og vitneskju um réttindi sín og að það geti gert tilkall til þeirra. Lykilhugtök á þessu sviði eru færniuppbygging, málsvarnarstarf og valdefling.

Þetta áherslusvið setur jaðarhópa sem verða fyrir mismunum og fá færri tækifæri en aðrir, til að mynda vegna fötlunar, þjóðernis, uppruna, kynhneigðar eða trúar, í brennidepil. Leiðir til að vinna í þeirra þágu eru ýmsar en ekki síst skiptir máli að styðja slíka hópa til að standa vörð um réttindi sín og hafa áhrif til umbóta á lífsaðstæður sínar. Einkum má nefna stuðning við að byggja upp og styrkja samtök þeirra, styðja þá í að hafa áhrif á lög og reglur og hefðir sem fela í sér mismunum, liðsinna við tengslamyndun til að auka samtakamátt og fleiri aðgerðir sem fallnar eru til að styrkja og efla raddir jaðarhópa og bæta aðstæður þeirra.

Að sama skapi er fólgin í þessari nálgun áhersla á stuðning sem miðar að auknu jafnrétti kynjanna. Jafnrétti er bæði þverlægt og sértækt markmið í stefnu Íslands á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og verður því alltaf að hafa það til hliðsjónar<sup>9</sup>. Hægt er að styðja við jafnréttisstarf með margvíslegum hætti og getur stuðningur bæði beinst að formlegum réttindum og hagnýtum umbótum til hagsbóta fyrir það kyn sem hallar á. Sérstaklega er sóst eftir samstarfi við borgarasamtök um framgang ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi<sup>10</sup> en þar er gert ráð fyrir samráði við aðila sem hafa þekkingu og reynslu á starfi á vettvangi átaka.

Valdefling er lykilhugtak í öllu jafnréttisstarfi og mikilvægt að samtök og aðrir hópar kvenna og karla sem berjast fyrir jafnrétti skilgreini sjálfir viðfangsefni sín og markmið, fái stuðning til að byggja upp samtök sín og koma málstað sínum á framfæri. En einnig er mikilvægt að sjónmið kvenna og karla séu ævinlega tekin með í reikninginn í öllu alþjóðlegu hjálparstarfi og á öllum stigum þess.

<sup>9</sup> <http://www.utanrikisraduneyti.is/media/throunarsamvinna/UTR-Jafnrettisstefna-2013-2016.pdf>

<sup>10</sup> [http://www.utanrikisraduneyti.is/media/sameinudu-thjodirnar/UTR-KonurFridurOryggi\\_2013-2016.pdf](http://www.utanrikisraduneyti.is/media/sameinudu-thjodirnar/UTR-KonurFridurOryggi_2013-2016.pdf)

Virðing fyrir mannréttindum er grundvöllur alls hjálparstarfs, hvort heldur er í þróunarsamvinnu eða þegar mannúðaraðstoð á hamfara- og átakasvæðum á í hlut. Mannúðaraðstoð felur í sér björgun mannlífa, vernd óbreyttra borgara, útvegum nauðþurfta og annarrar aðstoðar til nauðstaddra og að auðvelda þeim afturhvarf til eðlilegra lífshátta í kjölfar hamfara. Meginmarkmið íslenskra stjórnvalda á þessu sviði er að auka viðnámsþrótt og flýta endurreisn á neyðarsvæðum og að starfa í þágu friðar á átakasvæðum. Mannúðaraðstoð er oft flókin og krefst samstillts átaks margra aðila til að skila sem bestum árangri. Íslensk stjórnvöld reiða sig í ríkum mæli á fjölpjódastofnanir og borgarasamtök til að koma mannúðaraðstoð sinni til skila. Hana skal ávallt veita með ábyrgum og samhæfðum hætti og samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum og grundvallarreglum um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi og sjálfstæði. Sérstök áhersla í stefnu Íslands er lögð á að mæta þörfum nauðstaddra með skjótum og skilvirkum hætti, styrkja innviði og auka lýðræði og jafnrétti.

Þá er innan vébanda þessara stefnumiða lögð áhersla á börn, að réttindi þeirra séu virt, að þau njóti verndar og að þau hafi möguleika á að og þroska hæfileika sína. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós í starfi í þágu barna<sup>11</sup>.

#### 4.3.4. Fræðslu- og upplýsingastarf

Mikilvægt hlutverk borgarasamtaka er að virkja krafta hinna ýmsu hópa til koma málum á dagskrá, hafa áhrif á umræðu, verja málstað og beita þrýstingi og að veita ráðamönnum aðhald. Til að rækja þetta hlutverk verða borgarasamtökin að hafa burði til að afla stuðnings í samfélaginu og ná út með upplýsingar um hvað þau standa fyrir, hvað þau gera og hvernig þeir sem vilja styðja málstað þeirra geta tekið þátt. Borgarasamtök fara vissulega mismunandi leiðir og beita margskonar aðferðum í þessum efnum. Þau samtök sem starfa á sviði þróunar- og mannúðaraðstoðar standa mörg hver að söfnunum og átaksverkefnum meðal almennings, á meðan önnur einbeita sér ef til vill fremur að sértækara fræðlustarfi og tengslamyndun af ýmsu tagi.

Viðurkennt er mikilvægi þessa þáttar í starfi íslenskra borgarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi. Í þeim tilgangi er samtökum gert kleift að sækja um sérstaka styrki til fræðslu-, menningar- og upplýsingastarfs innanlands. Markmið þeirra er að tryggja grundvöll skoðanaskipta og styðja ábyrga og málefnalega umræðu um þróunar- og mannúðarmál á breiðum grundvelli.

Veittir verða styrkir til fræðslu-, málsvarnar- og upplýsingastarfs af ýmsu tagi og geta þá fleiri en þau borgarasamtök sem starfa beint að þróunar- og mannúðarmálum sótt um. Þetta geta verið samtök og hópar sem beita sér fyrir kynningarstarfi um efnahags-, menningar- og félagslegar aðstæður í fátækum samfélögum, og/eða stuðla að menningarsamskiptum sem

---

<sup>11</sup> [Sáttmálinn hefur lagagildi á Íslandi.](#)

beina sjónum að réttindatengdum málefnum. Styrkjum þessum er ætlað að ýta undir skilning og vitund almennings á Íslandi um þau málefni sem brenna á í samtímanum í hnattrænu samhengi.

#### 4.4 Aðgerðir

Eins og undirstrikað er í þessum stefnumiðum eru gerðar kröfur til íslenskra borgarasamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi, bæði hvað varðar fagmennsku og árangur og að þau geti sýnt fram á að virðisauki sé af aðkomu þeirra fyrir þá starfsemi sem þau styrkja og taka þátt í. Samtímis er vilji fyrir því að ná til fjölbreytilegs hóps íslenskra borgarsamtaka og samstarfsaðila þeirra á vettvangi. Því eru styrkir veittir eftir nokkrum mismunandi leiðum sem taka mið af stærð og gerð verkefna og reynslu og getu samtakanna. Nánar er gert grein fyrir skilyrðum til styrkhæfni verkefna í verklagsreglum (sjá verklagsreglur í viðaukum II-IV).

Hægt er að sækja um styrki ýmist til þróunarsamvinnu- eða mannúðarverkefna. Samtök sem vinna að þróunarsamvinnuverkefnum geta sótt um styrki til einstakra verkefna og verkefnastoða. Gert er ráð fyrir að þeir geti verið til allt að fjögurra ára, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum

Samtök sem vinna að mannúðarmálum sem felur í sér aðstoð í skyndilegri neyð geta sótt um styrki vegna einstakra verkefna á þeim vettvangi. Samtökunum er jafnframt gefinn kostur á að sækja um langtímasamninga sem eru óháðir tilteknum verkefnum. Tími er oft dýrmætur þegar vá steðjar að og því mikilvægt að hægt sé að bregðast sem skjótast við. Þessir samningar kallast rammamningar og gilda til allt að fjögurra ára í senn. Samtökin þurfa að standast kröfur sem slíkir samningar fela í sér (sjá viðauka III).

Forsendur fyrir samningum til lengri tíma en eins árs, hvort sem um verkefna- eða rammamninga er að ræða, eru að samtökin hafi mótað sér stefnu sem gengur ekki gegn yfirmarkmiðum opinberrar íslenskrar þróunarsamvinnu.

Þá er gert ráð fyrir nýliðastyrkjum að hámarki til eins árs fyrir samtök sem eru að hasla sér völl í alþjóðlegri þróunarsamvinnu (sjá viðauka II).

Stuðningur við hið borgaralega samfélag hefur einnig það markmið að efla þekkingu og áhuga í íslensku samfélagi á þróunar- og mannúðarmálum. Veittir eru sérstakir styrkir til fræðslu- og kynningarinnanlands um málefnið. Reglur um þá styrki má finna í viðauka IV.

Til að koma til álita sem styrkþegar verða borgarasamtökin að starfa í anda þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið af Íslands hálfu og þjóna þeim markmiðum sem þar eru sett fram. Virðing fyrir mannréttindum og mannlegri reisn, menningu, trú og skoðunum annarra er forsenda stuðnings. Kynjajafnrétti og sjálfbær umgengni við umhverfi eru ekki aðeins þverlæg markmið í stefnu Íslands heldur jafnframt leiðir til að ná góðum árangri sem allir styrkþegar

þurfa að taka mið af. Styrkveiting er háð skuldbindingu um að fara eftir sameiginlegum siðareglum utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ við ráðstöfun styrksins<sup>12</sup>. Enn fremur er skyldubundið að hlíta leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar um meðferð styrkja. Brot á þessum grunnviðmiðum Íslands getur haft í för með sér að styrkir séu afturkallaðir eða að greiðslur stöðvist þar til úrbætur hafa verið gerðar.

#### 4.5. Áhættuþættir

Ýmiss konar áhætta eru tengd opinberum stuðningi við borgarasamfélagið og eru þar bæði ytri og innri áhættuþættir. Kerfisbundið mat á tillögum og öflugt eftirlitskerfi er lykill að því að stjórna áhættu.

Íslensku borgarasamtökin eru flest lítil eða hluti af stærra alþjóðlegu neti. Stuðningi þeirra er oft miðlað í gegnum keðju samtaka, alþjóðlegra og staðbundinna. Þetta getur skapað áhættu hvað varðar gagnsæi og ábyrgðarskiptingu. Þessu ber sérstaklega að huga að í áhættumati, þ.e. hverjir hafa stjórn á hinum mismunandi liðum keðjunnar og hvernig ábyrgðarskiptingin er, bæði með tilliti til fjármuna og árangurs.

Samtökin getur skort á færni og faglega þekkingu á viðfangsefnunum sem aftur getur leitt til sundurleitni og tilviljunarkenndra inngripa, ógagnsæisog ófullnægjandi árangurs. Því þurfa samtökin sérstaklega að huga að því að þróa getu sína, velja samstarfsaðila sína af gaumgæfni og byggja upp traust tengslanet. Námskeið og annar stuðningur við uppbyggingu færni eru hluti af því að styðja samtök til að styrkja sig og/eða hasla sér völl og styðja þar með við margbreytileikann.

Þá er sú hættu til staðar á að samtök reiði sig í of ríkum mæli á opinber framlög sem aftur getur haft í för með sér að þau verði ósjálfstæðari og vanræki grasrót sína. Stuðningur má ekki verða til að lama virka þátttöku félagsmanna og þar með að vera á kostnað óháðra og lýðræðislega borgarasamtaka.

Loks geta samskipti borgarasamtaka við stjórnvöld samstarfslanda verið viðkvæm og erfið, t.d. þegar þau beina gagnrýni að stjórnvöldum eða styðja réttindabaráttu hópa sem ekki njóta stuðnings ráðamanna. Réttindabaráttu hópa sem ekki njóta stuðnings stjórnvalda heima fyrir er oft mjög pólitísk í eðli sínu og skiptir þá pólitísk afstaða Íslands til málefnsins meginmáli.

#### 4.6. Ábyrgð, eftirlit og endurskoðun

Utanríkisráðuneytið hefur yfirumsjón með framlögum ríkisins sem ætluð eru til starfsemi borgarasamtaka og ber ábyrgð á að úthlutun styrkja sé í samræmi við gildandi verklagsreglur. Ráðuneytið ber jafnframt ábyrgð á að stuðningur við borgarasamtökin samrýmist áherslum og markmiðum í stefnu Íslands og hefur það hlutverk að fylgjast með að þau séu höfð í heiðri. Í árlegri skýrslu ráðherra til Alþingis er gerð grein fyrir framgangi þessara stefnumiða.

<sup>12</sup> [http://www.utanrikisraduneyti.is/media/PDF/Sidareglur\\_utanrikistjonustunnar.PDF](http://www.utanrikisraduneyti.is/media/PDF/Sidareglur_utanrikistjonustunnar.PDF)

Samkvæmt alþjóðlegum kröfum þarf að hafa reglubundið eftirlit með framkvæmdum í alþjóðlegu hjálparstarfi og verða öll samtök sem fá úthlutað styrkjum að fylgjast með því hvort framkvæmdir á verkefnum sem þau styðja með opinberu fé séu í samræmi við áform og leggja mat á árangur með kerfisbundnum hætti og standa skil á því mati. Ábyrgðarmaður styrks hjá hverjum samtökum ber ábyrgð á að vakta þau verkefni sem styrk hafa hlotið og sjá um að árlegar framvinduskýrslur um stöðu og árangur ásamt mati á virðisauka af þátttöku eigin samtaka séu gerð og berist ráðuneytinu.

Þau borgarasamtök sem sækjast eftir rammasamningum sæta úttekt áður en til þess kemur. Fái þau slíkan samning verða þau að láta í té vitnisburð um árangur með reglulegri skýrslugjöf til ráðuneytisins og enn fremur er gert ráð fyrir að samráðsfundir með ráðuneytinu verði tvisvar til þrisvar á ári um markmið og áherslur samningsins. Samningur er endurskoðaður að fjórum árum liðnum.

Ráðuneytið áskilur sér rétt til að hafa sjálfstætt eftirlit með þeim verkefnum sem njóta styrkja. Það getur kallað eftir upplýsingum og samræðum, heimsótt vettvang og látið fara fram árangursrýni og úttektir á þeim verkefnum samtakanna sem styrki hafa hlotið. Leiðarljós ráðuneytisins við að rækja eftirlitshlutverk sitt er gott og hreinskiptið samstarf við borgarasamtökin sem grundvallast á gagnsæi og sameiginlegri ábyrgðarskyldu allra aðila.

Í verklagsreglum um úthlutanir styrkja til borgarasamtaka er nánar kveðið á um eftirlit með framkvæmd og meðferða fjármuna.

Stefnumið þessi ná yfir tímabilið 2015-2019. Endurskoðun á þeim skal fara fram að fjórum árum liðnum. Þá skal lagt jafnframt lag mat á árangur þeirra.

## 5. Orðskýringar

### **Ábyrgð/ábyrgðarskylda (*e. accountability*)**

Skylda til að sýna fram á að starfsemi hafi farið fram í samræmi við samþykktar reglur og kröfur eða skylda til að greina réttilega og nákvæmlega frá framkvæmd og niðurstöðum í samræmi við tilskipanir og/eða áætlanir. Með ábyrgðarskyldu er þess krafist að þeir sem taka ákvarðanir séu dregnir til ábyrgðar vegna framkvæmda í þeirra umboði. Nauðsynlegt er að ákveðið skipulag sé fyrir hendi þar sem kveðið er á um ábyrgð, áreiðanleika, traust og gegnsæi í öllum málum viðkomandi þróunarstarfinu og samstarfi aðila.

### **Árangur/árangursstjórnun (*e. result based management*)**

Árangursstjórnun er aðferð sem setur frammistöðu/árangur í brennidepil og metur hvernig til tekst með afurðir, afrakstur og áhrif að aðgerðum. Huga þarf að samhengi og að samræmis sé gætt og að áhersla sé lögð á fagleg vinnubrögð. Stefna og skýr markmið, skipulagðar aðferðir, kerfisbundnar mælingar og eftirfylgni eru helstu áfangar árangursstjórnunar.

### **Bann við mismunun (*e. laws against discrimination*)**

Jafnræðisreglan eða bann við mismunun er ein grunnhugmynd mannréttinda og er hana að finna í öllum helstu mannréttindasamningum. Að mismuna merkir að fara í manngreinaralit, koma ólíkt fram við einstaklinga sem eru í sömu stöðu, á grundvelli ákveðinna eiginleika. Þegar komið er fram á þennan hátt, án þess að hlutlægar eða málefnalegar ástæður liggi til grundvallar, þá er brotið gegn jafnræðisreglunni. Allir eiga að vera jafnir fyrir lögum án tillits til kynferðis, aldurs, fötlunar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, litar, kynhneigðar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

### **Borgaralegt samfélag (*e. civil society*)**

Vettvangur, þar sem fólk mætist til orðræðu og athafna, á mótum hins formlega kerfis ríkisvalds, markaðar og fjölskyldu. Borgarasamfélagið getur samanstæðið af margskonar félagasamtökum, hagsmunaaðilasamtökum, trúfélögum, samvinnufélögum, óformlegum hópum og margskonar félagslegum hreyfingum eins og alþjóðasamtökum, háskóla- og rannsóknasamfélaginu og sjálfstæðum fjölmiðlum.

### **Borgarasamtök (*e. civil society organisations*)**

Fjölbreytt flóra samtaka og bandalaga um margvísleg málefni, hugsjónir og hagsmuni sem þátttakendur standa fyrir af eigin hvötum, utan við hið formlega valdakerfi og án þess að vera ætlað að skapa eigendum sínum arð. Mörg borgarasamtök eru knúin áfram, a.m.k. að einhverju leyti, af sjálfbodaliðum. Gert er ráð fyrir að þau hafi formlegt stjórnskipulag og að ábyrgðarskipting sé skýr.



### **Færniuppbygging (*e. capacity building*)**

Færniuppbygging er ferli sem felur í sér að einstaklingar, skipuheildir og samfélög þrói hæfni sína til að leiða til lykta þau viðfangsefni sem takast þarf á við. Færni byggir á mörgum þáttum. Þar á meðal er kunnátta, geta til að leiða, tengjast öðrum og meta, en einnig þau kerfi og ferlar sem eru umlykjandi, þar á meðal valdakerfi, norm og gildi. Grundvallarmarkmið færniuppbyggingar er að bæta getu sína til að fjalla um, leggja mat á og taka ákvarðir um mikilvægar spurningar sem tengjast vali á hvað skuli gera og hvernig. Skilningur á þörfum þeirra sem um ræðir og á möguleikum og takmörkunum í stöðunni er þar lykilatriði.

### **Gagnsæi (*e. transparency*)**

Hugtakið vísar til þess að einfalt og aðgengilegt sé fyrir hinn almenna borgara að nálgast þau gögn og upplýsingar sem ákvarðanir er varða þeirra hag byggja á og að verklag sé í takt við lög og reglur. Gagnsæi í opinberri stjórnsýslu felur í sér að almenningur hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum sem hann þarf til að geta veitt stjórnsýslunni nauðsynlegt aðhald og til að taka upplýstar ákvarðanir.

### **Jafnrétti kynjanna (*e. gender equality*)**

Kynjajafnrétti byggist á konur og karlar njóti sömu réttinda og tækifæra þannig að hegðun, væntingar, óskir og þarfir kvenna og karla séu jafnmikils metnar. Jafnrétti kynjanna þýðir að kynin séu jafn sýnileg í samfélaginu, þau séu jafn valdamikil og taki þátt í opinberu lífi og einkalífi í jöfnum hlutföllum.

### **Mannréttindi (*e. human rights*)**

Mannréttindi byggjast á Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og þeim mannréttindasáttmálum SP sem síðar hafa verið gerðir. Þau eru óafsalanleg, ódeilanleg og algild. Tvö megingildi mannréttindahugtaksins eru að öllum sé fært að lifa með reisn og hafi jafnan rétt óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, litarþætti, tungu, trúarbrögðum, stjórn mála- eða öðrum skoðunum, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, fötlun, eignum, uppruna eða öðrum félagslegum aðstæðum. Í mannréttindum felst einnig vernd gegn ofbeldi af öllum gerðum og þau grundvallast á virðingu fyrir einstaklingnum. Mannréttindum er í lagalegum skilningi ætlað að tryggja einstaklingum og hópum réttindi og vernd gegn hvers konar aðgerðum, eða aðgerðaleyfi stjórnvalda, sem vegur að grundvallarréttindum eða mannvirðingu fólks.

### **Mannúðaraðstoð (*e. humanitarian assistance*)**

Mannúðaraðstoð miðar að því að bjarga mannlífum, lina þjáningar nauðstaddra og viðhalda mannlegri reisn á neyðarsvæðum, hvort heldur neyðin er af völdum manna eða náttúruaflla. Aðgerðir miða að vernd borgara, endurreisn samfélags og veitingu fæðu, vatns, skjóls, hreinlætisaðstöðu og heilsugæslu. Mannúðaraðstoð stuðlar að uppbyggingu varna og

viðbúnaðar vegna stórslysa, náttúruhamfara og styrjalda. Þegar aðstæður bjóða er flóttafólki gert kleift að snúa aftur til fyrri heimkynna.<sup>13</sup>

### **Málsvörn (e. *advocacy*)**

Málsvörn vísar til þess þegar einstaklingar og hópar beita sér til að hafa áhrif á opinbera stefnu, fjárveitingar og dreifingu annarra gæða, og á ákvarðanir af pólitískum, efnahagslegum og félagslegum toga. Málsvarnarstarfi er komið á framfæri og málum fylgt eftir með margvíslegum hætti, t.d. í gegnum fjölmiðla, opinberar samkomur og með rannsóknum.

### **Stofnanafærni (e. *organisational/institutional capacity*)**

Stofnanafærni vísar til getu skipuheilda til að rækja hlutverk sitt, koma verkefnum til leiðar, leysa mál, setja sér markmið og ná þeim. Hugtakið felur í sér mannauð og starfsumhverfi skipuheildarinnar, þar á meðal skipulag, efnislegt og fjárhagslegt bolmagn, þekkingu, upplýsingar og stofnanaminni en einnig samskiptamenningu, gildi og valdatengsl.

### **Valdefling (e. *empowerment*)**

Valdefling er félagslegt ferli sem hefur margar víddir og felur í sér að efla getu og styrk einstaklinga eða hópa til að hafa stjórn á lífi sínu og aðstæðum, takast á við þau málefni sem þeir skilgreina mikilvæg og standa vörð um réttindi sín. Í hugtakinu felst áskorun á viðteknar hugmyndir um hvernig samfélagið og einstakir þættir innan þess virka og hvernig það getur orðið.

### **Varnarleysi (e. *vulnerability*)**

Varnarleysi er skali sem nær til þess að hve miklu leyti einstaklingar eða hópar eru færir um að sjá fyrir, ráða við, sporna gegn og ná sér út úr áhrifum hörmunga sem yfir þá dynja af völdum manna eða náttúru. Fátækt og réttindaskortur gerir fólk meira berskjaldar og sérstakir áhættuhópar eru til að mynda börn og gamalt fólk, fatlaðir, vannærðir og veikir.

### **Þátttaka/þátttökunálgun (e. *participatory approach*)**

Þátttökunálgun miðar að því að auka sjálfbærni þróunarstarfs. Í þátttökunálgun vinna stjórnvöld, þróunarstofnanir og heimamenn saman og taka sameiginlega ábyrgð á stefnumótun, framkvæmdum, fjármagni og árangri. Tilgreind eru helstu vandamálin (m.t.t. þróunar) ásamt nauðsynlegum aðgerðum til að mæta þeim þar sem gert er ráð fyrir marktækri þátttöku fulltrúa heimamanna.

### **Þróunarsamvinna (e. *development cooperation*)**

---

<sup>13</sup> Sjá nánar: <http://www.goodhumanitariananddonorship.org/gns/principles-good-practice-ghd/overview.aspx>

Þróunarsamvinna er fólgin í því að veita fólki í lágtekjulöndum fjárhagslega, félagslega og tæknilega aðstoð með það að meginmarkmiði að ýta undir efnahags- og félagslega uppbyggingu til lengri tíma.

Opinber þróunarsamvinna (Official Development Assistance (ODA)) eru framlög opinberra aðila til lágtekjuríkja. Meginmarkmið opinberrar þróunarsamvinnu er efnahagsleg þróun og velferð fyrir allra. Framlög geta verið styrkir eða lán með ívilnunum. Samkvæmt viðmiði OECD- DAC þurfa framlögin að hafa a.m.k. 25% einkenni styrks.

